



Framkvæmda- fréttir 24. tbl. /05



Fáskrúðsfjarðargöng á vígsludegi 9. september 2005. Kambfell heitir fjallið fyrir ofan gangamunnann í Reyðarfirði.



Hreinn Haraldsson
framkvæmdastjóri
þróunarsviðs Vegagerðarinnar
skrifar

Fáskrúðsfjarðargöng opnuð fyrir umferð

Þessi grein er að miklu leyti samhljóða ræðu sem höfundur hélt í samsæti á Reyðarfirði eftir vígslu jarðganganna.

Fáskrúðsfjarðargöng voru formlega vígð 9. september sl. Þá voru 11 vikur frá því að jarðgöng um Almannaskarð voru opnuð fyrir umferð og það er ákaflega ólíklegt að það gerist nokkurn tímann aftur hér á landi að tvö mannvirki af þessum toga verði vígð á sama árinu. Þegar litið til baka í samgöngusögunni sést þó að það er ekkert einsdæmi að fleiri en eitt mikilvægt vegamannvirki séu tekin í notkun á sama tíma, og það þótt við lítum heila öld aftur í tímann. Því að í

ár eru 100 ár frá því að þrjár stórbrýr voru teknar í notkun, þ.e. Sogsbrú, Lagarfljótsbrú og brú yfir Jökulsá í Axarfirði. Það sem er ennþá merkilegra er að allar voru þær vígðar í september eins og göngin hér, og það er skemmtileg tilviljun að Sogsbrúin var vígð 9. september 1905 og varð því 100 ára á vígsludegi Fáskrúðsfjarðarganga. Hátíðarræðuna í vígsluveislu Sogsbrúar hélt Hannes Hafstein ráðherra. Vatnsföllin voru farartálmur þess tíma sem fyrst þurfti að yfirstíga og í dag má að nokkru leyti bera jarðgangagerð saman við brautryðjendaverk í brúagerð.

Akfær vegur var kominn milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar fyrir hálfri öld eða 1954. Allt frá 1945 var þó hægt að aka hluta leiðarinnar og þá farið um Staðarskarð, en þó varð að fara um suðurströnd Reyðarfjarðar með báti. Árið 1968 var svo opnaður mun greiðfærari vegur um skriðurnar út fyrir Vattarnes. Sá vegur þótti mikil samgöngubót á sínum tíma, og bætti mjög öll samskipti milli byggðarlaga í fjörðunum. Hann hefur hins vegar alltaf verið nokkuð varasamur vegna ofan-

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 24. tbl. 13. árg. nr. 413 19. september 2005

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:
Viktor Arnar
Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

flóða, auk þess sem slysatíðni á honum hefur verið fremur há og burðarþol lélegt. Þegar farið var að huga að endurbótum á veginum til að koma honum í nútímalegra horf komu því strax upp hugmyndir um að fara þess í stað í gegnum fjallið milli fjarðanna. Þar með eykst umferðaröryggið mikið, auk þess sem leiðir styttest. Með jarðgöngunum styttist vegalengdin milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar um 31 km og það verða aðeins 21 km á milli byggðarlaganna. Á milli Mið-Austurlands og Suðurfjarða styttest leiðir um 34 km. Eins og fram kom í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum jarðganganna er einnig reiknað með mjög jákvæðum samfélagslegum áhrifum af framkvæmdunum. Atvinnu- og þjónustusvæði mun stækka og styrkjast, atvinnutækifæri verða fjölbreyttari, greiðari aðgangur verður að verslun og annarri þjónustu, skóla- og íþróttastarf ásamt menningu og listum ætti að styrkjast. Betri tenging Suðurfjarða við flugvöllinn á Héraði var einnig talin mjög jákvæður þáttur.

Fáskrúðsfjarðargöng voru fyrst skoðuð lítilliga í tengslum við vinnu nefndar um langtímaáætlun um jarðgöng, sem skilaði skýrslu árið 1987. Mun meiri umfjöllun var síðan um þau í skýrslu nefndar um jarðgöng á Austurlandi, sem kom út árið 1993, og frumrannsóknir fóru fram árin þar á undan. Í árslok 1998 lögðu Arnþjórg Sveinsdóttir og Egill Jónsson síðan fram tillögu til þingsályktunar um undirbúning jarðganga milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar. Samgöngunefnd þingsins tók undir þessa tillögu en útvíkkaði hana og lagði til að í staðinn skyldi unnið að gerð langtímaáætlunar um jarðgöng. Sú tillaga var samþykkt fyrir þinglok 1999 og ári síðar samþykkti Alþingi síðan jarðgangaáætlun. Þar var ákveðið að fyrstu verkefni í áætluninni skyldu vera göng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar annars vegar og milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar hins vegar. Samgönguráðherra ákvað árið 2002 að Fáskrúðs-



Sturla Böðvarsson samgönguráðherra opnar Fáskrúðsfjarðargöng formlega með því að klippa á borða. Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri aðstoðar.


fjarðargöng skyldu koma fyrst og þau voru boðin út í desember sama ár.

Stutt lýsing á mannvirkjum er þannig að jarðgöngin sjálf eru tæpir 5.700 metrar á lengd og steiptir forskálar eru rúmir 200 metrar þannig að göngin í heild teljast 5,9 km, og þar með næst lengstu veggöng á Íslandi. Heildarlengd nýrra vega utan ganga er um 8,5 km.

Fjórir verktakar buðu í verkið og samið var við lægstbjóðanda, Ístak hf. og Pihl og Sön AS og skrifað undir verk-samning á Fáskrúðsfirði 21. mars 2003. Framkvæmdirnar hófust í apríl sama ár, fyrsta jarðgangasprengringur var 22. maí og sú síðasta, sem samgönguráðherra sprengringur var gegnum-brotið, var rúmlega 15 mánuðum síðar, 4. september 2004. Gangagröfturinn gekk yfirleitt vel þrátt fyrir nokkuð misjafnar

Veggöng

mælikvarði 1 : 100 000





Fáskrúðsfjarðargöng blessuð að lokinni vígslu. Frá vinstri talið: Séra Þórey Guðmundsdóttir sóknarprestur á Kolfreyjustað í Fáskrúðsfirði, séra Davíð Baldursson sóknarprestur á Eskifirði, Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri. Í gulum úlpum eru heiðursmenn Vegagerðarinnar, þau Helga Sturludóttir og Kristinn Ó. Briem. Fyrir framan þau er skæravörðurinn Elís Ármannsson frá Dölum í Fáskrúðsfirði.

jarðfræðilegar aðstæður, og honum lauk tveimur mánuðum fyrir en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Eftir það var unnið við lokastyrkingar, vatnsvarnir, frárennsliskerfi, raflagnir og lýsingu, vegagerð innan og utan ganga, frágangi steyptra vegskála ásamt landmótun og frágangi alls svæðisins sem raskað var við framkvæmdirnar.

Auk Ístaks komu ýmsir undirverktakar að þessari mannvirkja-gerð:

Myllan ehf. sá um vegagerð
 Hlaðbær-Colas hf. sá um malbikun í göngum
 Rafmiðlun ehf. sá um raflagnir
 Vegmerking ehf. sá um vegmerkingar
 Þá var Malarvinnslan undirverktaki Myllunar og sá um klæðingar. B.M. Vallá sá um steypusölu til Ístaks og fjölmargir aðrir efnissöluaðilar komu við sögu.



Framkvæmdaefirlit fyrir Vegagerðina var boðið út og samið við fyrirtækið Geotek ehf.

Undirbúningur og hönnun mannvirkja var í höndum Vegagerðarinnar og ýmissa ráðgjafa hennar. Helstu ráðgjafar voru: Hönnun ehf. á Reyðarfirði, á Egilsstöðum og í Reykjavík Verkfræðistofa Norðurlands ehf. á Akureyri Teikn á lofti ehf. á Akureyri Arkitektúr.is ehf. á Akureyri Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen á Akureyri Raftákn ehf. á Akureyri Jarðfræðistofan ehf. í Reykjavík



Á vígsludegi var enn unnið að frágangi við Fáskrúðsfjarðargöng og einhver vinna heldur áfram næstu vikur.



Gangamunni í Fáskrúðsfirði.

Í sáttanefnd um ágreiningsefni sátu Pálmi Ragnar Pálmason hjá Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen formaður, Hákan Stille frá Svíþjóð og Per Bollingmo frá Noregi. Fjöldmargir starfsmenn Vegagerðarinnar komu að verkinu á einn eða annan hátt, á Reyðarfirði, Akureyri og í Reykjavík.

Heildarkostnaður við verkið er 3,9 milljarðar á verðlagi hvers árs, sem er í samræmi við áætlanir Vegagerðarinnar og fjárveitingar af samgönguáætlun.

Auglýsingar útboða

Stokkseyri-Sjóvarnir 2004

Siglingastofnun Íslands og Vegagerðin óska eftir tilboðum í byggingu sjóvarnargarðs austan við Stokkseyri.

Helstu magntölur eru:

Flokkað grjót: 8.500 m³

Kjarni: 13.480 m³

Verkinu skal lokið eigi síðar en 28. febrúar 2006.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Siglingastofnunar, Vesturvör 2, Kópavogi og hjá Vegagerðinni, Breiðumýri 2, Selfossi frá þriðjudeginum 13. september 2005, gegn 5.000 kr. greiðslu.

Tilboð verða opnuð hjá Siglingastofnun Vesturvör 2, Kópavogi þriðjudaginn 27. september 2005 kl. 11:00.



Niðurstöður útboða

Þingskálavegur (68), ræsi 05-042

Tilboð opnuð 13. september 2005. Gerð þriggja ræsa á Þingskálavegi (268) í Rangárvallasýslu. Auk ræsavinnu skal styrkja veginn og aka út malarslitlagi.

Helstu magntölur eru:

Neðra burðarlag, óunnið efni 9.895 m³

Ræsi 75 m

Malarslitlag 4.420 m³

Verki skal að fullu lokið 20. nóvember 2005.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
6 Vörubílstjórafélagið Mjöllnir, Selfossi	10.945.000	106,3	2.749
5 Ólafur Óskarsson og Grétar Guðmundsson	10.551.800	102,4	2.355
--- Áætlaður verktakakostnaður	10.300.000	100,0	2.104
4 Nesey ehf., Árnesi	10.180.800	98,8	1.984
3 Heflun ehf., Ásahreppi	9.892.100	96,0	1.696
2 Þjótandi ehf., Hellu	9.404.650	91,3	1.208
1 Framrás ehf., Vík í Mýrdal	8.196.500	79,6	0